


September 2025

# Atviksáætlun vegna eldgoss undir Mýrdalsjökli



Lögreglan á Suðurlandi

Almannavarnarnefnda Rangárvalla- og  
Vestur- Skaftafellssýslu

---

**Viðbragðsáætlun vegna eldgoss undir  
Mýrdalsjökli**

**Unnin af  
Lögreglustjóranum á Suðurlandi  
Almannavarnarnefnd Rangárvalla- og V-  
Skaftafellssýslu  
Athugasemdir við áætlunina skal senda á  
netfangið**

**LSL-almannavarnir@logreglan.is**

## EFNISYFIRLIT

<b>1.</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>4</b>
<b>2.</b>	<b>STAÐHÆTTIR OG HÆTTUR</b>	<b>5</b>
2.1	ALMENNT	5
2.2	INNVIÐIR, MIKILVÆGIR OG ÓMISSANDI	5
<b>3.</b>	<b>VIRKJUN</b>	<b>7</b>
3.1	ÓVISSUSTIG - LÍKUR Á ELDGOSI UNDIR MÝRDALSJÖKLI	8
3.2	HÆTTUSTIG - ELDGOS ER AÐ HEFJAST UNDIR MÝRDALSJÖKLI	8
3.3	NEYÐARSTIG - ELDGOS ER HAFIÐ UNDIR MÝRDALSJÖKLI	8
<b>4.</b>	<b>STARFSSVÆÐI</b>	<b>9</b>
4.1	MÓTTÖKUSTAÐUR (MÓT)	9
4.2	BIÐSVÆÐI BJARGA (BB)	9
4.3	GÆSLUSTÖRF (LOKNIR)	9
4.4	FJÖLDAHJÁLPARSTÖÐVAR (FHS)	9
<b>5.</b>	<b>RÝMINGARÁÆTLUN</b>	<b>11</b>
5.1	ALMENNT	11
5.2	UMFERÐARLOKANIR	11
5.3	UMFERÐARSTÝRING	12
5.4	UPPLÝSINGAGJÖF VEGNA UMFERÐAR	12
5.5	RÝMING VÍKURKAUPTÚNS OG HÖFÐABREKKU	13
5.6	RÝMING Í ÁLFTAVERI	14
5.7	RÝMING MEÐALLANDS VESTAN ELDVATNS	15
5.8	RÝMING SÓLHEIMABÆJA	15
5.9	RÝMING Í RANGÁRVALLASÝSLU	16
5.10	FERÐAÞJÓNUSTAN	17
<b>6.</b>	<b>VERKEFNI VIÐBRAGÐSAÐILA</b>	<b>18</b>
6.1	NEYÐARLÍNAN	18
6.2	AÐGERÐARSTJÓRN SUÐURLANDS	19
6.3	VETTVANGSSTJÓRNIR	19
6.4	LÖGREGLAN Á SUÐURLANDI	20
6.5	HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS, HELLU, HVOLSVELLI, VÍK Í MÝRDAL OG KIRKJUBÆJARKLAUSTRI	20
6.6	STJÓRNSÝSLAN Í RANGÁRVALLA- OG V-SKAFTAFELLSSÝSLUM	21
6.7	BRUNAVARNIR, RANGÁRVALLASÝSLU, VÍK OG KIRKJUBÆJARKLAUSTUR	21
6.8	SVÆÐISSTJÓRN BJÖRGUNARSVEITA Á SVÆÐUM 16	22
6.9	BJÖRGUNARSVEITIN VÍKVERJI	22
6.10	BJÖRGUNARSVEITIN KYNDILL	22
6.11	BJÖRGUNARSVEITIN LÍFGJÖF	23
6.12	BJÖRGUNARSVEITIN STJARNAN	23
6.13	BJÖRGUNARSVEITIN DAGRENNING	24
6.14	BJÖRGUNARSVEITIN BRÓÐURHÖNDIN VESTUR-EYJAFJÖLLUM	24
6.15	BJÖRGUNARSVEIT LANDEYJA	25
6.16	FLUGBJÖRGUNARSVEITIN Á HELLU	25
6.17	RAUÐI KROSSINN Á ÍSLANDI	26
6.18	FERÐAMÁLASTOFA, MARKAÐSSTOFA SUÐURLANDS	26
<b>7.</b>	<b>KORT</b>	<b>27</b>
7.1	HEILDARYFIRLIT YFIR ÁÆTLAÐAR INNRI OG YTRI LOKANIR	27
7.2	FORGANGSRÖÐUN RÝMINGA VEGNA HLAUPS NIÐUR MÝRDALSJÖKUL	28
7.3	FORGANGSRÖÐUN RÝMINGA VEGNA HLAUPS NIÐUR ETNUJÖKUL	28

## 1. INNGANGUR

Atvikaáætlun þessi er byggð á Stjórnskipulagi almannavarna á Suðurlandi og styðst við lög sem þar eru tilgreind. Hún er unnin af lögreglustjóranum á Suðurlandi og almannavarnanefndum í umdæminu.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi, í samvinnu við almannavarnanefndir í umdæminu, ber ábyrgð á virkni áætlunarinnar og þessir aðilar vinna saman að uppfærslum og lagfæringum á henni en ritstjórn og ábyrgð eru á hendi lögreglustjórans á Suðurlandi. Atvikaáætlunin skal vera lifandi skjal sem verður uppfært í samræmi við þróun og breytingar eins og nauðsynlegt er út frá aðstæðum á hverjum tíma, í samstarfi við viðkomandi einingar.

Boðunarlista hjá Neyðarlínunni skal yfirfara og uppfæra eins oft og þörf krefur og eigi sjaldnar en árlega.

Allir sem tengjast áætluninni er gert að taka saman verkáætlun með gátlistum hvernig þeir leysi þau verkefni sem þeim eru falin. Uppfærsla gátlista er á ábyrgð viðkomandi starfseiningar.

Áætlunin miðast við verkþáttaskipuritið SÁBF vegna aðgerða á slysavettvangi.

**Viðbragðsáætlunin tekur gildi**

**25.09.2025**

## 2. STAÐHÆTTIR OG HÆTTUR

### 2.1 Almennt

Sögulegar heimildir eru til um eldsumbrot í Kötlu frá landnámi, með jökulhlaupum um Mýrdalssand og Sólheima- og Skógasand, að því er ætla má. Stór jökulhlaup hafa einnig farið um farvegi Markarfljóts vegna eldsumbrota í Mýrdals- og Eyjafjallajökli.

Heimildir kveða á um að jarðskjálftar séu forboðar Kötlugosa, auk þess sem hugsanlega verði breyting fyrir gos á vatnsmagni og efnainnihaldi vatna sem renna undan Mýrdalsjökli.

Nánari upplýsingar um sögu er að finna á þessari vefsíðu [Íslensk eldfjöll](#)

hlekkur á skýrslu vegna: [Hermunar jökulhlaups frá Sólheimajökli](#)

Við fyrstu viðbrögð er horft til rýmingar og lokunar hættusvæða. Neyðarlínan skv. beiðni lögreglu eða Samhæfingarstöðvarinnar sendir SMS-boð á valda farsímasenda á áhrifasvæði goss undir Mýrdalsjökli - Kötlu. Ferðamenn á svæðinu eru hvattir til að koma sér á öruggan stað. Víðtækt umferðarskipulag og lokanir taka gildi. Skipulagið er síðan endurskoðað um leið og áhrifasvæði og mögulegar afleiðingar er betur þekktar.

Horft er til þess að vísa ferðamönnum og öðrum áhugasömum, sem vilja sjá til gossins, á ákveðna útsýnisstaði sem skilgreindir verða af AST út frá aðstæðum.

Veðurstofa Íslands heldur úti upplýsingaþjónustu um öskufall á svæðinu. [Öskuspá frá Veðurstofu](#)

### 2.2 Innviðir, mikilvægir og ómissandi

#### Þéttbýli:

<b>Mannvirki</b>	Íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, heilbrigðisstofnanir, hótél og gististaðir
<b>Skólar</b>	Barna- og grunnskóli er í Vík.
<b>Dvalarheimili</b>	Dvalarheimilið Hjallatún er starfrækt í Vík í Mýrdal.
<b>Íþróttastarfsemi</b>	Íþróttahús og útisvæði.
<b>Félagsheimili</b>	Leikskólar eru í Vík, húsnæðið er ekki í reglulegri notkun og gæti gegnt þjónustuhlutverki eða sem söfnunarsvæði ef hentar.
<b>Ferðaþjónusta</b>	Það er umfangsmikil ferðaþjónusta á svæðinu sem meðal annars er með skipulagðar ferðir upp að Mýrdalsjökli á fleiri en einum stað. Huga þarf að rýmingu þegar óvissuástand er sökum nálægðar við atburð.
<b>Tjaldstæði</b>	Huga þarf að gestum sem mögulega eru á tjaldsvæðinu í Vík
<b>Stórir vinnustaðir</b>	Ferðaþjónusta og iðnaður.
<b>Vatnsból og veita</b>	Vatnsveita getur verið viðkvæm fyrir jarðhræringum og öskufalli. Óska þarf eftir upplýsingum um allar vatnsveitur á svæðinu frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.
<b>Fráveita</b>	Í þéttbýli getur fráveita verið útsett þar sem niðurföll í götum geta stíflast og haft áhrif á fráveitu gatna og húsa.
<b>Sorpveita</b>	Á svæðinu starfar Kubbur ehf. sem annast sorphirðu í þéttbýlinu.
<b>Rafmagnsveita</b>	Dreifikerfið getur slegið út sökum öskufalls og eldinga. Rafstrengir geta slitnað í flóðum eða skriðuföllum. Möstur, staurar, tengivirki og spennistöðvar. Öll húshitun á svæðinu er með rafmagni.
<b>Fjarskiptakerfi</b>	Öskufall og eldingar geta haft áhrif á fjarskipti. Fjarskiptastrengir geta rofnað í jarðskjálftum, flóðum eða skriðuföllum. Ljósleiðarar liggja um áhrifasvæðið sem geta haft áhrif innan sem utan þess. Möstur, endurvarpar, vararafmagn.
<b>Vegir</b>	Stofnvegir vegna rýmingar.
<b>Brýr</b>	Vegir geta rofnað við brýr eða þær tekið af.
<b>Varnargarðar</b>	Við vegi og brýr.

## Dreifbýli

<b>Mannvirki</b>	Íbúðarhús, útihús, hótél og gististaðir.
<b>Félagsheimili</b>	Eru nokkur en eru ekki í reglulegri notkun og gætu gegnt þjónustuhlutverki eða nýst sem söfnunarsvæði.
<b>Ferðaþjónusta</b>	Gististaðir, ferðamannastaðir og jöklar.
<b>Tjaldstæði</b>	Huga þarf að gestum sem eru á tjaldsvæðum. Þakgil er með þeim stærri.
<b>Stórir vinnustaðir</b>	Stórir ferðaþjónustustaðir eru í dreifbýlinu og stundaður er landbúnaður á svæðinu.
<b>Vatnsból/veitur</b>	Vatnsveita getur verið viðkvæm fyrir jarðhræringum og öskufalli. Óska þarf eftir upplýsingum um alla vatnsveitur á svæðinu frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Flest eru þær ætlaðar til að þjónusta einstaka eða nokkra bæi. Vatnsból Vestmannaeyja er í landi Stóru-Merkur og dælustöð á Landeyjasandi.
<b>Fráveita</b>	Aðallega rotþrær við hvern bæ.
<b>Sorpveita</b>	Á svæðinu starfar Kubbur ehf. sem annast sorphirðu.
<b>Rafmagnsveita</b>	Dreifikerfið getur slegið út sökum öskufalls og eldinga. Rafstrengir geta slitnað í flóðum eða skriðuföllum. Möstur, staurar, tengivirki og spennistöðvar. Frá Landeyjum er rafmagn um sæstrengi til Vestmannaeyja.
<b>Orkuvinnsla</b>	Heimavirkjanir eru á einhverjum bæjum og stórvirkjanir á efra Þjórsársvæðinu.
<b>Fjarskiptakerfi</b>	Öskufall og eldingar geta haft áhrif á fjarskipti. Fjarskiptastrengir geta rofnað í jarðskjálftum, flóðum eða skriðuföllum. Ljósleiðarar geta legið um áhrifasvæðið sem getur haft áhrif innan sem utan þess.
<b>Vegir</b>	Stofnvegir milli byggðarlaga, tengivegir og héraðsvegir.
<b>Brýr</b>	Vegir geta rofnað við brýr eða þær tekið af og einangrað svæði, byggð.
<b>Varnargarðar</b>	Við brýr og vegi og einstaka vegarkafli.
<b>Hafnir</b>	Ein höfn er á svæðinu, Landeyjarhöfn, sem er ferjuhöfn fyrir Vestmannaeyjar.
<b>Flugvellir</b>	Nokkrir lendingarstaðir eru innan áhrifasvæðis, nánari upplýsingar hjá ÍSAVIA.

### 3. VIRKJUN

Neyðarlínan 112 annast boðun samkvæmt áætlun þessari að beiðni eins af eftirtöldum aðilum:

#### Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans

#### Lögreglustjórans á Suðurlandi

Þegar ákveðið er að virkja viðbragðsáætlunina skulu ofangreindir aðilar afla frekari upplýsinga til ákvarðanatöku um háskastig og upplýsa Neyðarlínu.

Neyðarlínu skal þá boða út, skv. gildandi boðunaráætlun og hvaða háskastig skuli virkja:

- **Alvarleika: ÓVISSUSTIG, HÆTTUSTIG, NEYÐARSTIG**
- **Forgang og umfang**
- **Líklega staðsetningu** atburðar í hnitum samkvæmt korti ef mögulegt er.
- **Öðru ef með þarf**
- **Lögregla stofnar aðgerð í aðgerðargrunni AVD og deilir með viðbragðsaðilum**

Almannavarnasvið Suðurlands deilir aðgerð úr aðgerðargrunni með viðbragðsaðilum.

Neyðarlínan tryggir boðun með SMS og upplýsir bjargir á talhóp **Blár 8 – 0**.

Boðunaráætlanir halda utan um hvaða einingar eru innan hvers viðbragðshóps í töflu.

Neyðarlínan sendir hópboð á skilgreint svæði á almenning að beiðni AST

#### Óvissustig/Uncertainty level

Aukin jarðskjálftavirkni á Kötlu svæðinu sem getur verið undanfari eldgoss. Á þessu stigi hefst samráð milli almannavarna og þeirra stofnana sem málið varðar. Athuganir, rannsóknir, vöktun og mat aukið.

Ensk útfærsla

*Increased seismic activity in the Katla area, which may be a precursor to an eruption. At this stage, consultations begin between civil protection and the relevant agencies. Observations, research, monitoring and assessment are increased.*

#### Hættustig/Danger level

Merki gefa til kynna auknar líkur á að eldgos sé yfirvofandi í Kötlu og getur fyrirvarinn verið stuttur. Ef hættumat leiðir í ljós að hætta fer vaxandi verður að grípa til ráðstafana til að tryggja sem best öryggi þeirra sem á svæðinu búa eða dvelja.

Ensk útfærsla

*Signs indicate that an eruption is imminent in Katla and the warning period may be short. If the risk assessment reveals that the risk is increasing, measures must be taken to ensure the best possible safety of those living/residing in the area.*

#### Neyðarstig/Emergency level

Eldgos er hafið í Kötlu og beita þarf tafarlausum viðbrögðum

Ensk útfærsla

*A volcanic eruption has begun in Katla and an immediate response is required*

### 3.1 Óvissustig - Líkur á eldgos undir Mýrdalsjökli

Neyðarlínan 112 boðar:  
ÓVISSUSTIG – Eldgos – Mýrdalsjökull

#### Boðunarhópar fyrir Eldgos í Mýrdalsjökli

Aðgerðarstjóri sendir út Teams-hlekk

##### Aðgerðarstjórn

Lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar.  
Svæðisstjórnir, Rauði krossinn á Íslandi,  
Heilbrigðisstofnun Suðurlands

AST mætir á Teams-fund og ákveður frekari viðbúnað

##### Stjórnsýslan

Viðeigandi sveitarfélög upplýst um stöðuna

Sjá einnig áætlun Samhæfingarstöðvar SST

### 3.2 Hættustig - Eldgos er að hefjast undir Mýrdalsjökli

Neyðarlínan 112 boðar:  
HÆTTUSTIG – Eldgos – Mýrdalsjökull

#### Boðunarhópar fyrir Eldgos í Mýrdalsjökli

Aðgerðarstjóri sendir út Teams-hlekk

##### Aðgerðarstjórn

Lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar.  
Svæðisstjórnir, Rauði krossinn á Íslandi,  
Heilbrigðisstofnun Suðurlands

AST er þegar virkjuð.

##### Stjórnsýslan

Viðeigandi sveitarfélög upplýst um stöðuna

Sjá einnig áætlun Samhæfingarstöðvar SST

### 3.3 Neyðarstig - Eldgos er hafið undir Mýrdalsjökli

Neyðarlínan 112 boðar:  
NEYÐARSTIG – Eldgos – Mýrdalsjökull

#### Boðunarhópar fyrir Eldgos í Mýrdalsjökli

Aðgerðarstjóri sendir út Teams-hlekk

##### Aðgerðarstjórn

Lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar.  
Svæðisstjórnir, Rauði krossinn á Íslandi,  
Heilbrigðisstofnun Suðurlands

AST er þegar virkjuð.

##### Stjórnsýslan

Viðeigandi sveitarfélög upplýst um stöðuna

Sjá einnig áætlun Samhæfingarstöðvar SST

## 4. STARFSSVÆÐI

### 4.1 Móttökustaður (MÓT)

**Staðsetning fyrir vestan:** Hella, hús Flugbjörgunarsveitarinnar, Dynskálum 34,

**Staðsetning fyrir austan:** Kirkjubæjarklaustur, húsnæði björgunarsveitar, Kyndils, lðuvöllum

**Verkþáttastjóri:** Flutningastjóri

**Hverjir sinna:** [Flugbjörgunarsveitin Hellsu](#)  
[Björgunarsveitin Kyndill, Kirkjubæjarklaustri](#)

### 4.2 Biðsvæði bjarga (BB)

**Staðsetning fyrir vestan:** Hella, húsnæði Brunavarna Rangárvallasýslu

**Staðsetning fyrir austan:** Kirkjubæjarklaustur, við aðstöðu björgunarsveitarinnar Kyndils

**Verkþáttastjóri:** Flutningsstjóri

**Hverjir sinna:** Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 16

### 4.3 Gæslustörf (Loknir)

**Verkþáttastjóri:** Gæslustjóri

**Ytri lokun:** Skaftárbrú á Kirkjubæjarklaustri (1), Hringvegur við Smiðjuveg Vík (1), Hringvegur/Reynisfjöruvegur (1, 215), Suðurlandsvegur við Skóga (1), Suðurlandsvegur við Dufpaksbraut (1), Suðurlandsvegur við Þykkvabæjarveg (1, 25)

**Innri lokun:** Hringvegur/Meðallandsvegur (1, 204), Hrífunes inn á Öldufellsveg (209, F323), Hringvegur við Smiðjuveg (1), Hringvegur við Sólheimatungu (1), Hringvegur við Eystri Skóga (1) Hringvegur við Steina (1), Fljótshlíðarvegur (261) við Sunnuhvol,

AST ákveður nánari útfærslur á innri lokun og við Hvolsvöll

**Bílaumferð:** Fjölmarginir vegslóðar eru á svæðinu og því ekki um tæmandi upptalningu að ræða í lokunarpóstum. Innri lokanir afmarka áhrifasvæði og strangar hömlur á aðgengi. Ytri lokun tryggir yfirsýn á fjölda fólks og íbúa innan lokunar. Allt umferðarskipulag skal þróað í samráði við AST, VST og viðbragðsaðila. Umferðarstýring vegna goss úr Mýrdalsjökli er sett fram í þremur sviðsmyndum í samræmi við möguleg upptök.

**Hverjir sinna:** Lögreglan á Suðurlandi  
Björgunarsveitir

### 4.4 Fjöldahjálparstöðvar (FHS)

**Staðsetning Vík:** Hótel Vík  
Gesthús Carina

**Staðsetning Kirkjubæjarklaustur:** Kirkjubæjarskóli, Klausturvegi 4


**Staðsetning V-Eyjafjöll:** Skálakot, V- Eyjafjöll  
Félagsheimilið Fossbúð

<b><u>Staðsetning Sólheimabæir</u></b>	Hótel Dyrhólaey
<b><u>Staðsetning Hvolsvelli:</u></b>	Hvolsskóli, Vallarbraut 16
<b><u>Staðsetning Hellu:</u></b>	Grunnskólinn á Hellu, Útskálum 6
<b><u>Skráningarstöð:</u></b>	FHS og hlekkur á skráningarsíðu RKÍ eða 1717
<b><u>Verkbáttastjóri:</u></b>	Þetta starfssvæði fellur ekki undir vettvangsstjórn heldur undir lögreglustjóra/aðgerðarstjórn.
<b><u>Aðrir stjórnendur:</u></b>	Fjöldahjálparstjóri stjórnar starfsemi fjöldahjálparstöðvar.
<b><u>Hverjir sinna:</u></b>	Rauði krossinn á Íslandi, prestar, áfallahjálparteymi, samráðshópar um samfélagslegan stuðning.

## 5. RÝMINGARÁÆTLUN

### 5.1 Almennt

Gerð hefur verið rýmingaráætlun fyrir þau svæði í Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi, Rangárþingi eystra og Rangárþingi ytra sem eru á áhrifasvæði jökulhlaups vegna eldgoss í Mýrdalsjökli, Kötlu. Settar hafa verið fram þrjár mögulegar sviðsmyndir hlaupa vegna eldgoss undir Mýrdalsjökli og ólíklegt er að þær muni allar raungerast á sama tíma. Nánari útlistun rýminga fylgir í köflum hér fyrir neðan.



#### Helstu hlaupaleiðir vegna Kötlugoss

### 5.2 Umferðarlokanir

#### Lokanir vegna hlaups niður Mýrdalssand

##### Ytri lokun:

- **Skaftárbrú á Kirkjubæjarklaustri**
  - Mannaður póstur, stjórnun umferð
  - Góður staður til að snúa þeim við sem ekki eiga erindi inn á svæðið
- **Vík austur: Suðurlandsvegur (1) / Smiðjuvegur Vík**
  - Mannaður póstur, stjórnun umferð
  - Góður staður til að snúa þeim við sem ekki eiga erindi inn á svæðið
- **Vík vestur: Suðurlandsvegur (1) / Reynisfjöruvegur (215) er einnig innri lokun**
  - Mannaður póstur, stjórnun umferð

##### Innri lokun:

- **Þjóðvegur (1) Meðallandsvegur (204)**
  - Mannaður póstur, stjórnun umferð
- **Hrífunesvegur (209) / Öldufellsleið (F232)**
  - Þung lokun, ómönnuð
- **Vík austur: Suðurlandsvegur (1) / Smiðjuvegur Vík er einnig ytri lokun**
  - Mannaður póstur, stjórnun umferð

#### Lokanir vegna hlaups niður Sólheimasand

##### Ytri lokun:

- **Suðurlandsvegur (1) við Duftþaksbraut**

- Mannaður póstur, stjórnun umferð
- **Suðurlandsvegur (1) / Reynisfjöruvegur (215)**
  - Mannaður póstur, stjórnun umferð
- **Suðurlandsvegur (1) við Skóga**
  - Mannaður póstur, stjórnun umferð

#### **Innri lokun:**

- **Suðurlandsvegur (1) við Sólheimatungu**
  - Mannaður póstur, stjórnun umferð
- **Suðurlandsvegur (1) við Eystri-Skóga**
  - Mannaður póstur, stjórnun umferð

#### **Lokanir vegna hlaups niður Markarfljót.**

##### **Ytri lokun:**

- **Suðurlandsvegur (1) við Þykkvabæjarveg 25, Hellu**
  - Mannaður póstur, stjórnun umferð
- **Suðurlandsvegur (1) Duftþaksbraut er einnig innri lokun**
  - a. Mannaður póstur, stjórnun umferð
- **Suðurlandsvegur (1) við Skóga**
  - Mannaður póstur, stjórnun umferð

##### **Innri lokun:**

- **Suðurlandsvegur við Duftþaksbraut er einnig ytri lokun**
  - Mannaður póstur, stjórnun umferð
- **Fljótshlíðarvegur (261) við Sunnuhvol**
  - Mannaður póstur, stjórnun umferð
- **Suðurlandsvegur (1) við Steina**
  - Mannaður póstur, stjórnun umferð

### **5.3 Umferðarstýring**

Ef Þjóðvegur 1 rofnar á Mýrdalssandi kannar Vegagerðin möguleika á opnun Fjallabaksleiðar nyrðri milli Eystri-Ása og Sprengisandsleiðar.

Á sama tíma tryggir Vegagerðin lokun á Fjallabaksleið syðri, Fljótshlíðarvegi við Þórólfsá.

Lokun sett á vegi innan áhrifsvæðis sem birtist á vegaskjá og Google.

### **5.4 Upplýsingagjöf vegna umferðar**

AST og Vegagerðin vinna saman að flæði upplýsinga varðandi umferðarmál, tilkynningar og leiðbeiningar. Vegagerðin heldur vegakorti sínu uppfærðu með opnun/lokun vega.

Samhæfingarstöðin heldur Safetravel og Rúv upplýstum með sömu upplýsingum.

## 5.5 Rýming Víkurkaupþúns og Höfðabrekku

*Rýmingu stýrt frá vettvangsstjórn.*

Rýmingarsvæðið í Vík hefur verið skilgreint eftirfarandi:

Allar byggingar við Víkurbraut beggja vegna vegar, Sunnubraut og Mánabraut, auk allra bygginga sunnan Austurvegar. Á skilgreindu rýmingarsvæði eru íbúðarhús, hótél, grunnskóli, íþróttamiðstöð og ýmis atvinnustarfsemi.

Þegar ákvörðun um rýmingu í Vík og Höfðabrekku hefur verið tekin mun Neyðarlínan senda út skilaboð með SMS inn á alla GSM-senda á skilgreindu rýmingarsvæði í Vík og nágrenni. Gert er ráð fyrir að íbúar hafi um 30 mínútur til að yfirgefa heimili sín. Íbúar og aðrir aðilar á rýmingarsvæðinu eiga að gefa sig fram í fjöldahjálparstöðinni á Hótel Vík í Mýrdal þar sem þeir verða skráðir og aðstoðaðir með dvalarstað á meðan á þarf að halda. Leik- og grunnskóli fá rými í gistihúsi Carina þar sem þeir verða skráðir. Grunn- og leikskólar halda utan um skipulag rýmingar í samráði við slökkviliðsstjóra.

Þegar íbúar yfirgefa heimilið á að hengja eða hnýta flík í áberandi lit við útidyrhurðina sem sýnir að heimilið hafi verið yfirgefið.



## 5.6 Rýming í Álftaveri

### Rýmingu stýrt frá vettvangsstjórn

Í Álftaveri hafa tveir bæir verið skilgreindir sem „öryggissvæði“ fyrir íbúa og gesti þeirra og eru það **Herjólfstaðir** fyrir *Skálmarbæi og sumarhús þar, Holt, og Hraunbær* og **Mýrar** fyrir *Jórvík 1, Jórvík 2, Norðurhjáleiga 1, Norðurhjáleiga 2, Þykkvabæjarklaustur 2 og Hraungerði*.

Þegar ákvörðun um rýmingu í Álftaveri hefur verið tekin mun Neyðarlínan/112 senda út skilaboð með SMS á alla farsíma í Álftaveri og nágrenni. Í boðunum er tiltekið hvort um A eða B rýmingu sé að ræða ásamt frekari upplýsingum. Þegar íbúar yfirgefa heimilið á að hengja eða hnýta flík í áberandi lit á bæjarskiltið niður við veg sem sýnir að heimilið hafi verið yfirgefið. Þau heimili sem reka gistinguþjónustu eiga að tryggja að gestir þeirra fylgi heimilisfólki á öryggissvæðið eða eftir atvikum áfram út af svæðinu.

### Rýming A

Þegar boð berast um **Rýmingu A** þá halda íbúar og gestir þeirra á þann bæ sem skilgreindur er sem þeirra öryggissvæði. Halda skal skrá um þá íbúa sem dvelja á hvorum bæ fyrir sig ásamt gestum ef þeir eru. Vettvangsstjórn skal upplýsa um listann.

### Rýming B

Þegar boð berast um **Rýmingu B** þýðir það að íbúar í Álftaveri og gestir þeirra haldi tafarlaust í fjöldahjálparstöð á Kirkjubæjarklaustri. Athuga skal að boð um tafarlausu rýmingu ( **B** ) getur borist án þess að **rýming A** hafi farið fram.

Þjörgunarsveitin Lífgjöf í Álftaveri verður til aðstoðar við rýmingu þar sem þess þarf vegna fötlunar eða veikinda.



### Hermun hlaups niður Mýrdalssand

## 5.7 Rýming Meðallands vestan Eldvatns

Þegar ákvörðun um rýmingu í Meðallandi hefur verið tekin sendir Neyðarlínan út skilaboð með SMS inn á alla GSM-senda á skilgreindu rýmingarsvæði í Meðallandi og nágrenni. Gert er ráð fyrir að íbúar hafi um 15 mínútur til að yfirgefa heimili sín. Íbúar þess svæðis halda þegar af stað á fjöldahjálparstöðina á Kirkjubæjarklaustri. Þegar íbúar yfirgefa heimilið á að hengja eða hnýta flík í áberandi lit á bæjarskiltið niður við veg sem sýnir að heimilið hafi verið yfirgefið. Þau heimili sem reka gistiþjónustu eiga að tryggja að gestir þeirra fylgi heimilisfólki.

## 5.8 Rýming Sólheimabæja

### Leið A)

*Rýmingu stýrt frá vettvangsstjórn.*

Þegar ákvörðun um rýmingu Sólheimabæja hefur verið tekin mun Neyðarlínan senda út skilaboð með SMS inn á alla GSM-senda á skilgreindu rýmingarsvæði á Sólheimasandi og nágrenni.

Gert er ráð fyrir að íbúar hafi um 15 mínútur til að yfirgefa heimili sín, sem er töluvert minni viðbragðstími en á öðrum rýmingarsvæðum vegna Kötlugoss. Stafar það af nálægð Sólheimajökuls við byggð en á innan við klukkutíma nær jökulhlaupið að þjóðvegi 1 og bæjum á Sólheimasandi. Íbúar fara að Ytri-Sólheimum 2 og tilkynna sig til vettvangsstjórnar.

### Leið B)

Leið B er sértæk aðgerð sem gripið verður til ef aðstæður af einhverjum ástæðum eru metnar þannig af aðgerðarstjórn að ekki sé óhætt eða gerlegt að nota leið A.

Íbúar fari í fjöldahjálparstöð á Hótel Dyrhólaey.



### Hermun hlaups niður Sólheimasand

## 5.9 Rýming í Rangárvallasýslu

Rýmingu stýrt frá vettvangsstjórn.

Þegar ákvörðun um rýmingu í Rangárvallasýslu hefur verið tekin mun Neyðarlínan senda út skilaboð með SMS inn á alla GSM-senda á skilgreindu svæði í Rangárvallasýslu, þ.e. Hvolsvelli, Fljótshlíð, Landeyjum, Eyjafjöllum, Móeiðarhvolslandi, Oddahverfi og Þykkvabæ. Gert er ráð fyrir að íbúar hafi 30 mínútur til að yfirgefa heimili sín. Þegar íbúar yfirgefa heimilið á að hengja eða hnýta flík í áberandi lit á bæjarskiltið niður við veg sem sýnir að heimilið hafi verið yfirgefið.

### Rýming í Móeiðarhvolslandi, Oddahverfi og Þykkvabæ:

Rýma þarf alla bæi á þessu svæði og sjá íbúar sjálfir um rýmingu. Íbúar í Móeiðarhvolslandi, Oddahverfi og Þykkvabæ fara í fjöldahjálparstöð í Grunnskólanum á Hellu. Flugbjörgunarsveitin á Hellu fylgist með framgangi rýmingar.

### Rýming Hvolsvöllur:

Rýma þarf Ormsvöll, Dufpaksbraut og Austurveg, sunnan vegar, Björgunarsveitin Dagrenning fylgist með framgangi rýmingar og aðstoðar þar sem á þarf að halda.

### Rýming Fljótshlíð:


Rýma þarf alla bæi í Fljótshlíð, lokun er við Sunnuhvol. Íbúar á bæjum í Fljótshlíð sjá sjálfir um rýmingu. Björgunarsveitin Dagrenning fylgist með framgangi rýmingar og aðstoðar þar sem á þarf að halda.

### Rýming Landeyjar:

Rýma þarf alla bæi í Landeyjum. Íbúar sjá sjálfir um rýmingu. Íbúar vestan Markarfljóts fara í skráningarstöð í Hvolsskóla á Hvolsvelli.

### Rýming við Eyjafjöll:

Rýma þarf alla bæi undir V-Eyjafjöllum, íbúar sjá sjálfir um rýmingu. Íbúar austan Markarfljóts fara í fjöldahjálparstöð í Fossbúð á Skógum, lokun er við Steina í umsjá björgunarsveitarmanna úr Bróðurhöndinni.



### Hermun hlaups niður Markarfljót

## 5.10 Ferðaþjónustan

### Óvissustig:

Á óvissustigi verður hugað að lokunum á hliðarleiðum út frá Þjóðvegi 1 austan Fagradals/Höfðabrekku. Lokað verður fyrir ferðir á og að Mýrdalssandi, Mýrdalsjökli og að flugvélarflaki á Sólheimasandi. Á sama tíma verða settir upp upplýsingapóstar á Hvolsvelli, í Vík og á Kirkjubæjarklaustri þar sem vegfarendur eru upplýstir um stöðuna. Ferðaþjónustan er upplýst um stöðuna og jafnvel fengin til að staðsetja upplýsingaþjónustu fyrir ferðamenn á svæðinu. Þetta ástand getur varað í nokkra daga.

*Ferðaþjónustuaðilar kalla til baka alla hópa sem eru á leiðinni inn á áhrifasvæðið. Tryggja þarf upplýsingaflæði til allra starfsmanna sinna. Upplýsa þarf viðskiptavinum um stöðuna og leiðbeina þeim um næstu skref. Ferðaþjónustan kemur sér saman um samstarfsvettvang gagnvart yfirvöldum.*

### Hættustig:

Á hættustigi eða þegar önnur merki gefa til kynna að meiri líkur séu á gosi eða að hlaupvatn komi undan jökli verða settir upp lokunarpóstar við Landeyjarhafnarveg og Skaftártunguveg við Eldvötn. Ferðaþjónustan á svæðinu er með upplýsingaþjónustu fyrir ferðamenn í Vík. SMS-tilkynningar eru sendar út á svæðið frá Skógum að Hrífunesi ásamt Meðallandi.

*Ef ástæða er til, aðstoðar ferðaþjónustan viðskiptavinum sína við að komast í fjöldahjálparstöð. Ferðaþjónustan kallar til baka alla hópa á sínum vegum á svæðinu. Samstarfsvettvangur ferðaþjónustunnar eflur.*

### Neyðarstig:

Á neyðarstigi er lokað fyrir alla umferð í austur frá Landeyjarhafnarvegi og í vestur frá Skaftártunguvegi. Fjöldahjálparstöð er opnuð í Vík fyrir ferðamenn sem ekki eiga athvarf á staðnum. SMS-tilkynningar eru sendar út á allt svæðið frá Skógum að Hrífunesi ásamt Meðallandi.

*Ferðaþjónustan aðstoðar viðskiptavinum sína sem ekki hafa aðsetur á svæðinu í fjöldahjálparstöð.*

## 6. VERKEFNI VIÐBRAGÐSAÐILA

Í þessum kafla er gerð grein fyrir verkefnum þeirra aðila, sem skyldum hafa að gegna í séráætlun vegna eldgoss undir Mýrdalsjökli.

### 6.1 Neyðarlínan

**Upphafstalhópur er Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað**

#### ÓVISSUSTIG

- Móttækur beiðni frá AVD/LSL um að virkja viðbragðsáætlun um Eldgos undir Mýrdalsjökli, Katla
- Virkjar viðbragðsáætlun með SMS-boðum
- Sendir hópboð á skilgreint svæði samkvæmt beiðni AST
- Fylgist með framvindu og er tilbúinn að senda út hækkun á viðbragði

#### HÆTTUSTIG

- Atburður fer á hættustig
- Sendir út boð um hækkun viðbragðsstigs
- Sendir hópboð á skilgreint svæði samkvæmt beiðni AST
- Mannar starfsstöð 112, SST er virkjað

#### NEYÐARSTIG

- Atburður fer á neyðarstig
- Sendir út boð um hækkun viðbragðsstigs
- Sendir hópboð á skilgreint svæði samkvæmt beiðni AST

**Óvissustig** sent á öll svæði

Aukin jarðskjálftavirkni er á Kötlusvæðinu sem getur verið undanfari eldgoss. Vinsamlega fylgist með fjölmiðlum og útvarpi um frekari framgang. Ef frekari viðbragðs er þörf verða send út boð í SMS og útvarpi. Hliðarvegum út frá Þjóðvegi hefur verið lokað.

There is increased seismic activity in the Katla area, which can be a precursor to a volcanic eruption. Please monitor the media, safetravel and radio for further progress. If further response is needed, notifications will be sent out via SMS and radio. Side roads from the main road have been closed.

#### Hættustig

Eldgos er yfirvofandi í Mýrdalsjökli. Vegfarendur á Mýrdalssandi fari stystu leið til Víkur eða Kirkjubæjarklausturs. Fylgist með fjölmiðlum, Safetravel og útvarpi um frekari framgang. Hliðarvegir út frá Þjóðvegi eru lokaðir.

An eruption is imminent in Mýrdalsjökull. Travelers on Mýrdalssandur take the shortest route to Vík or Kirkjubæjarklaustur. Monitors media, Safetravel and radio for further progress. Side roads from the main road are closed.

#### Neyðarstig

Eldgos er hafið í Mýrdalsjökli og jökulhlaup niður Mýrdalssand og áhrifasvæði eru Vík, Álftaver og Meðalland. Rýming er hafin.

An eruption has started in Mýrdalsjökli and a glacial flood run down Mýrdalssand and the affected areas are Vík, Álftaver and Meðaland. Evacuation has started in these places.

Eldgos er hafið í Mýrdalsjökli og jökulhlaup niður Sólheimasand og áhrifasvæði eru Eyjafjöll. Rýming er hafin á svæðinu.

An eruption has started in Mýrdalsjökull and a glacial flood run down Sólheimasand and the affected area is Eyjafjöll. An evacuation has begun in the area.

Eldgos er hafið í Mýrdalsjökli og jökulhlaup niður Markarfljót og áhrifasvæði er Markarfljótssvæðið. Rýming er hafin á svæðinu.

An eruption has started in Mýrdalsjökull and a glacier flood run down Markarfljót and the area of influence is the Markarfljót area. An evacuation has begun in the area.

## 6.2 Aðgerðarstjórn Suðurlands

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað

### ÓVISSUSTIG

- Móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu
- AST virkjuð eða undirbúin fyrir virkjun á Hvolsvelli**
- Virkjar innra skipulag aðgerðarstjórnar
- Kannar uppl. um mannamót og ferðir utan alfaraleiðar ef við á
- Tryggir samskipti við SST, lögreglu, VST
- Tryggir upplýsingaflæði til eininga innan AST
- Hugar að lokunarpóstum
- Gerir stöðumat á HSU
- Gerir stöðumat á samgöngum
- Gerir stöðumat á björgum í umdæminu
- Gerir stöðumat á varaleið um Sandhólaferjuveg upp frá Þykkvabæ
- Setur sig í samband við MAST vegna möguleika á flutningi bústofna af áhrifasvæði
- Fylgist með framvindu og er reiðubúinn að hækka viðbragðsstig
- Tryggir tengilið við ferðaþjónustuna á svæðinu

### HÆTTUSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- Skipuleggur samhæfingu rýmingar miðað við upplýsingar um mögulegar flóðaleiðir hlaups
- Yfirfer texta fyrir hópsendingu textaskilaboða SMS
- Tryggir samskiptaleiðir við sveitarfélög, Veðurstofu, Vegagerð, veitustofnanir og landverði
- Tryggir upplýsingaflæði frá Veðurstofu, vísindamönnum, Vegagerð
- Kannar þörf á frekari björgum
- Skipuleggur upplýsingagjöf til ferðafólks og ferðaþjónustu í samráði við Ferðamálastofu
- Ákveður aðgang fyrir vísindafólk og fjölmiðla

### NEYÐARSTIG

- Yfirfærir atriði á hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- Staðfestir við SST að rýmingarboð hafi verið send
- Tryggir að útbúinn hafi verið skráningarhlekkur vegna rýmingar og hann auglýstur
- Tryggir samskipti við vettvangsstjórn
- Kannar með Vegagerð opnun Fjallabaksleiðar nyrðri

## 6.3 Vettvangsstjórnir

Virkjað samkvæmt ákvörðun lögreglustjóra í samræmi við atburð. Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað

### ÓVISSUSTIG

- Móttækur tilkynningu frá AST
- Fer yfir innra skipulag
- Fylgist með framvindu og er reiðubúinn ef viðbragðsstig hækkar
- Yfirfer áætlanir um rýmingar
- Vík**, yfirfer áætlanir um rýmingar í þéttbýlinu
- Vík**, yfirfer áætlanir um rýmingu grunn- og leikskóla
- Vík**, tryggir tengilið við ferðaþjónustuna á svæðinu

### HÆTTUSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- Vettvangsstjórn kemur saman í VST
- Undirbýr mönnun lokunarpósta
- Tryggir samskipti við einingar á svæðinu

**NEYÐARSTIG**

- Yfirfærir atriði á óvissu- og hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- Tryggir samskipti við AST
- Staðfestir við AST að rýmingarboð hafi verið send
- Upplýsir AST um stöðu rýminga

**6.4 Lögreglan á Suðurlandi**

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað

**ÓVISSUSTIG**

- Móttekur tilkynningu frá Neyðarlínu og upplýsir vaktina og yfirstjórn
- Virkjar innra skipulag embættisins
- Kannar möguleika á aðstoð LRH ef kemur til lokana
- Tryggir samskipti við AST
- Fylgist með framvindu

**HÆTTUSTIG**

- Yfirfærir atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- Tryggir aðstoð LRH inn á svæðið
- Auka þarf umferðareftirlit og viðveru í Rangárvallasýslu
- Undirbúa viðbótarmannskap á vakt í samræmi við innra skipulag
- Skipuleggur eftirlit með umferð og lokunum

**NEYÐARSTIG**

- Yfirfærir atriði á hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- Selfoss**, beiðni um aðstoð nágranna embætta, ef færa þarf tæki og mannskap
- Hvolsvöllur**, tryggir virkjun lokana Suðurlandsvegur við Nýbýlaveg og Sunnuhvol
- Klaustur**, tryggir lokanir á Skaftárbrú og við Skaftártunguveg og Öldufellsleið
- Vík**, fer í VST, tryggir lokanir og fjölgar póstum ef beðið er um

**6.5 Heilbrigðisstofnun Suðurlands , Hellu, Hvolsvelli, Vík í Mýrdal og Kirkjubæjarklaustri**

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað

**ÓVISSUSTIG**

- Hefur ekki hlutverk

**HÆTTUSTIG**

- Móttekur tilkynningu og upplýsir starfsfólk og viðbragðsstjórn
- Virkjar innri áætlun stofnunar
- Tilnefnir fulltrúa í AST
- Tryggir samskipti við AST
- Fylgist með framvindu

**NEYÐARSTIG**

- Yfirfærir atriði á óvissu- og hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- Fulltrúi mætir í AST við virkjun
- Fylgist með framvindu

[HSU](#)

## 6.6 Stjórnsýslan í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslum

### ÓVISSUSTIG

- Móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu og upplýsir starfsfólk á skrifstofu
- Virkjar innra skipulag sveitarfélagsins
- Hver fulltrúi upplýsir sína tengiliði, skóla, leikskóla, áhaldahús og aðra sem við á
- Vík**, virkjar enskumælandi ráð
- Félagsþjónusta á svæðinu upplýst
- Hugur að mikilvægum innviðum
- Tilnefnir tengilið við AST
- Fylgist með framvindu

### HÆTTUSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- Hver undirstofnun virkjar sína innri áætlun og starfar eftir henni
- Fulltrúi tryggir samskiptaleið við AST
- Fylgist með framvindu

### NEYÐARSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissu- og hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- Hver fulltrúi tryggir viðbrögð tengiliðs, skóla, leikskóla, áhaldahúss
- Allir tryggja samskiptaleiðir við tengiliða

[Rangárþing eystra](#)

[Mýrdalshreppur](#)

[Rangárþing ytra](#)

[Skaftárhreppur](#)

## 6.7 Brunavarnir, Rangárvallasýslu, Vík og Kirkjubæjarklaustur

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað

### ÓVISSUSTIG

- Móttaka tilkynningu frá Neyðarlínu
- Fara yfir þau verkefni sem þeim eru ætluð á hættu- og neyðarstigi
- Tryggja að lágmarksviðbúnaður sé fyrir hendi til að sinna þeim
- Fara yfir hvaða mannvirki þarf að verja gegn vatnsflóði, ef við á

### HÆTTUSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- Tryggir samskipti við AST
- Setur upp varnavirki við hús, ef við á
- Kemur fyrir dælubúnaði, ef við á
- Verja þurfi sérstaka húshluta ef þörf er á
- Skipuleggur flóttaleið ef vatn fer að ógna öryggi slökkviliðsmanna

### NEYÐARSTIG

- Yfirfærir atriði á hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- Fylgist með framgangi rýminga og aðstoðar þar sem á þarf að halda

## 6.8 Svæðisstjórn björgunarsveita á svæðum 16

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað

### ÓVISSUSTIG

- Móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu
- Svæði 16 sendir fulltrúa í AST
- Öll svæði senda fulltrúa í VST þar sem við á
- Tryggir flæði upplýsinga til björgunarsveita á sínu svæði
- Fylgist með framvindu

### HÆTTUSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- Boðar þær sveitir sem hafa hlutverk við lokanir
- Boðar þær sveitir sem beðið er um

### NEYÐARSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissu- og hættustigi, viðbragðsstig hækkar

## 6.9 Björgunarsveitin Víkverji

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað

### ÓVISSUSTIG

- Móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu
- Fer yfir hlutverk og verkefni samkvæmt áætlun
- Undirbýr hópa til að sinna lokunum / rýmingu.
- Undirbýr sveitina til að sinna verkefnum
- Fylgist með framvindu

### HÆTTUSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- Er reiðubúinn að sinna lokunum í samráði við VST / AST
- Hópur 1, ytri/innri lokun á þjóðvegi nr.1 við Smiðjuveg til austurs
- Hópur 2, ytri lokun á þjóðvegi nr.1 við Reynisfjöruveg til austurs
- Undirbýr sveitina til að sinna frekari verkefnum

### NEYÐARSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissu- og hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- Hópur 3 fylgist með og er tilbúinn að aðstoða við rýmingu
- Er reiðubúinn að sinna verkefnum á svæðinu
- Fylgist með framgangi rýmingar og aðstoðar þar sem á þarf að halda

## 6.10 Björgunarsveitin Kyndill

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað

### ÓVISSUSTIG

- Móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu
- Fer yfir hlutverk og verkefni samkvæmt áætlun
- Undirbýr hópa til að sinna lokunum / rýmingu
- Undirbýr sveitina til að sinna verkefnum
- Fylgist með framvindu

### HÆTTUSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar

- Er reiðubúinn að aðstoða við rýmingu í samráði við VST / AST
- Er reiðubúinn að sinna lokunum í samráði við VST / AST
- Hópur 1, ytri lokun Skaftárbrúar
- Hópur 2, innri lokun á Þjóðvegi nr.1 við Meðallandsveg
- Undirbýr sveitina að sinna frekari verkefnum

#### NEYÐARSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- Hópur 3 fylgist með og er tilbúinn að aðstoða vegna rýmingar í Meðallandi
- Er reiðubúinn að sinna verkefnum á svæðinu
- Fylgist með framgangi rýmingar og aðstoðar þar sem á þarf að halda

#### 6.11 Björgunarsveitin Lífgjöf

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað

#### ÓVISSUSTIG

- Móttekur tilkynningu frá Neyðarlínu
- Fer yfir hlutverk og verkefni samkvæmt áætlun
- Undirbýr hópa til að aðstoða við rýmingu
- Undirbýr sveitina við að sinna verkefnum
- Fylgist með framvindu

#### HÆTTUSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- Er reiðubúinn að sinna aðstoð við rýmingu í samráði við VST / AST
- Er reiðubúinn að sinna lokunum í samráði við VST / AST

#### NEYÐARSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissu- og hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- Hópur 1 aðstoðar við rýmingu í Álftaveri, fylgist með hvaða leið er farin
- Við rýmingu A skal halda utan um talningar/staðsetningu fólks og upplýsa VST um framvindu
- Er reiðubúinn að sinna verkefnum á svæðinu
- Fylgist með framgangi rýmingar og aðstoðar þar sem á þarf að halda

#### 6.12 Björgunarsveitin Stjarnan

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað

#### ÓVISSUSTIG

- Móttekur tilkynningu frá Neyðarlínu
- Fer yfir hlutverk og verkefni samkvæmt áætlun
- Undirbýr hópa til að sinna lokun / rýmingu
- Undirbýr sveitina við að sinna verkefnum
- Fylgist með framvindu

#### HÆTTUSTIG

- Móttekur tilkynningu frá Neyðarlínu
- Er reiðubúinn að aðstoða við rýmingu í samráði við VST / AST
- Er reiðubúinn að sinna lokunum í samráði við VST / AST
- Hópur 1, innri lokun Hrífunesveg 209, inn á Öldufellsleið F323
- Undirbýr sveitina við að sinna frekari verkefnum

#### NEYÐARSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissu- og hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- Er reiðubúinn að sinna verkefnum á svæðinu
- Fylgist með framgangi rýmingar og aðstoðar þar sem á þarf að halda

### 6.13 Björgunarsveitin Dagrenning

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað

#### ÓVISSUSTIG

- Móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu
- Fer yfir hlutverk og verkefni samkvæmt áætlun
- Undirbýr hópa til að sinna lokunum / rýmingu
- Undirbýr sveitina við að sinna verkefnum
- Fylgist með framvindu

#### HÆTTUSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- Er reiðubúinn að aðstoða við rýmingu í samráði við VST / AST
- Er reiðubúinn að sinna lokunum í samráði við VST / AST
- Hópur 1, tilbúinn að aðstoða við rýmingu í Fljótshlíð
- Hópur 2, ytri lokun við Þjóðveg. nr.1 við Duftþaksveg
- Undirbýr sveitina við að sinna frekari verkefnum

#### NEYÐARSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissu- og hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- Hópur 3, rýming Hvolsvöllur, Ormsvöllur, Duftþaksbraut, Austurvegur
- Er reiðubúinn að sinna verkefnum á svæðinu
- Fylgist með framgangi rýmingar og aðstoðar þar sem á þarf að halda

### 6.14 Björgunarsveitin Bróðurhöndin Vestur-Eyjafjöllum

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað

#### ÓVISSUSTIG

- Móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu
- Fer yfir hlutverk og verkefni samkvæmt áætlun
- Undirbýr hópa við að sinna lokun / rýmingu
- Undirbýr sveitina við að sinna verkefnum
- Fylgist með framvindu

#### HÆTTUSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- Er reiðubúinn að sinna aðstoð við rýmingu í samráði við VST / AST
- Er reiðubúinn að sinna lokunum í samráði við VST / AST
- Hópur 1, innri lokun við Steina
- Hópur 2, ytri lokun við Skóga
- Undirbýr sveitina við að sinna frekari verkefnum

#### NEYÐARSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissu- og hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- Hópur 3, tilbúinn að aðstoða við rýmingar
- Er tilbúinn að sinna verkefnum á svæðinu
- Fylgist með framgangi rýmingar og aðstoðar þar sem á þarf að halda

## 6.15 Björgunarsveit Landeyja

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað

### ÓVISSUSTIG

- Móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu
- Fer yfir hlutverk og verkefni samkvæmt áætlun
- Undirbýr sveitina til að sinna verkefnum
- Fylgist með framvindu

### HÆTTUSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- Er reiðubúinn að sinna aðstoð við rýmingu í samráði við VST / AST
- Er reiðubúinn að sinna lokunum í samráði við VST / AST
- Fylgist með framgangi rýmingar og aðstoðar þar sem á þarf að halda

### NEYÐARSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissu- og hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- Er reiðubúinn að sinna verkefnum á svæðinu
- Fylgist með framgangi rýmingar og aðstoðar þar sem á þarf að halda

## 6.16 Flugbjörgunarsveitin á Hellu

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað

### ÓVISSUSTIG

- Móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu
- Fer yfir hlutverk og verkefni samkvæmt áætlun
- Undirbýr hópa við að sinna lokunum / rýmingu
- Undirbýr sveitina til að sinna verkefnum
- Fylgist með framvindu

### HÆTTUSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- Er reiðubúinn að sinna aðstoð við rýmingu í samráði við VST / AST
- Er reiðubúinn að sinna lokunum í samráði við VST / AST
- Hópur 1, ytri lokun þjóðveggar nr.1 við Þykkvabæjarveg nr. 25
- Undirbýr sveitina við að sinna frekari verkefnum

### NEYÐARSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissu- og hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- Hópur 2, tilbúinn að aðstoða við rýmingu Móeiðarhvolsbæja
- Hópur 3, tilbúinn að aðstoða við rýmingu í Oddahverfi
- Hópur 4, tilbúinn að aðstoða við rýmingu í Þykkvabæ
- Er reiðubúinn að sinna verkefnum á svæðinu
- Fylgist með framgangi rýmingar og aðstoðar þar sem á þarf að halda

## 6.17 Rauði Krossinn á Íslandi

### ÓVISSUSTIG

- Bakvakt/neyðarmiðstöð móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu
- Upplýsir deildir í umdæminu
- Fylgist með framvindu og undirbýr opnun fjöldahjálparstöðva ef til rýmingar kemur

### HÆTTUSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- Virkjar Neyðarmiðstöð RKÍ
- Sendir fulltrúa í AST/SST við virkjun þeirra
- Tryggir hlekk/slóð á skráningarsíðu fyrir neyðarlínu til að senda út með boðum
- Virkjar hjálparsímann 1717
- Virkjar og fylgist með skráningu netskráninga
- Tryggir nægan mannskap og undirbýr opnun fjöldahjálparstöðva ef til þess kemur
- Rangárvallasýsla**, undirbýr opnun FHS á Hellu, Hvolsvelli og Skógum
- Vík í Mýrdal**, undirbýr opnun FHS og skráningu á Hótel Vík, gesthúsi Carina fyrir skólabörn
- Vík í Mýrdal**, undirbýr opnun FHS og skráningu á Hótel Dyrhólaey
- Kirkjubæjarklaustur**, undirbýr opnun FHS í Klausturskóla
- Fylgist með framgangi rýmingar og aðstoðar þar sem á þarf að halda

### NEYÐARSTIG

- Yfirfærir atriði á hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- Opnar fjöldahjálparstöð samkvæmt óskum AST

[Heimasíða Rauða Kross Íslands](#)

## 6.18 Ferðamálastofa, Markaðsstofa Suðurlands

### Ferðaþjónustuaðilar í Rangárvalla- og Skaftárhreppi

### ÓVISSUSTIG

- Móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu
- Virkjar viðbragðsáætlun fyrirtækis og gerir ráðstafanir
- Heldur leiðsögumönnum/hópstjórum/bílstjórum, skálavörðum upplýstum
- Fylgist með framvindu

### HÆTTUSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissustigi, viðbragðsstig hækkar
- Staðsetur gesti/viðskiptavinum eða hópa á vegum ferðaþjónustufyrirtækja
- Kallar eftir upplýsingum um fjölda gesta hjá ferðaþjónustuaðilum á svæðinu
- Kallar eftir staðsetningu gesta á vegum ferðaþjónustufyrirtækja
- Heldur leiðsögumönnum/hópstjórum/bílstjórum, skálavörðum upplýstum
- Upplýsir ferðaþjónustuna hvert gestir/viðskiptavinir eigi að fara í næstu fjöldahjálparstöð
- Skipuleggur og undirbýr opnun upplýsingagáttar fyrir ferðaþjónustuna á svæðinu
- Fylgist með framvindu


### NEYÐARSTIG

- Yfirfærir atriði á óvissu- og hættustigi, viðbragðsstig hækkar
- Opnar upplýsingagátt fyrir ferðaþjónustuna á svæðinu


[Heimasíða](#)


## 7. Kort

### 7.1 Heildaryfirlit yfir áætlaðar innri og ytri lokunir



 Ytri lokun

 Innri Lokun

 Áhrifsvæði rýminga


Slóð á kort:

<https://tinyurl.com/KatlaLokanir>

QR kóði á kort



## 7.2 Forgangsröðun rýminga vegna hlaups niður Mýrdalsjökul



Ath fyrir ofan og neðan að laga vegna

## 7.3 Forgangsröðun rýminga vegna hlaups niður Etnujökul

